

Nd.

17. Frumvarp til laga

[17. mál]

um breyting á umferðarlögum, nr. 26 2. maí 1958.

Flm.: Skúli Guðmundsson.

1. gr.

Í stað 1.—4. mgr. 81. gr. laganna komi:

Svipta skal mann rétti til að stjórna vélknúnu ökutæki, ef hann hefur orðið sekur um mjög vítavæðan akstur, eða ef telja verður, með hliðsjón af eðli brotsins eða annars framferðis hans sem ökumanns, varhugavert vegna öryggis umferðarinnar, að hann hafi ökuleyfi. Réttindasvipting skal vera um ákveðinn tíma, eigi skemur en 1 mánuð, eða að fullu og öllu, ef miklar sakir eru eða um ítrekað brot er að ræða. Ef kærði hefur verið sviptur réttindum um stundarsakir samkvæmt ákvæðum 6. mgr. hér á eftir, skal ákveðið í dómi, hvort sá tími skuli dragast frá endanlegum sviptingartíma.

Nú hefur maður verið sviptur ökuleyfi eða rétti til að öðlast það um lengri tíma en 3 ár, og getur þá dómsmálaráðherra, er 3 ár eru liðin frá sviptingunni og sérstakar ástæður mæla með því, ákveðið, að honum skuli veitt ökuleyfi að nýju eða réttur til að öðlast það, enda sé sannað, að hann hafi ekki gerzt brotlegur við áfengislöggjöf um þriggja ára skeið að undanfögnu. Umsókn um endurveitingu ökuleyfis samkvæmt þessari málsgrein skal fylgja vottorð tveggja valinkunnra manna um reglusemi og góða hegðun umsækjanda í næstliðin 3 ár. Slikt leyfi má þó eigi veita sama manni oftár en einu sinni, nema 6 ár séu liðin frá síðustu réttindasviptingu.

Nú hefur stjórnandi vélknúns ökutækis gerzt brotlegur við 1. eða 2. sbr. 3. og 4. mgr. 25. gr., og skal hann þá sviptur ökuleyfi eða rétti til að öðlast það að fullu og öllu.

Þrátt fyrir ákvæði 2. mgr. þessarar greinar er ráðherra ekki heimilt að veita þeim manni ökuleyfi á ný eða rátt til að öðlast það, sem hefur verið sviptur þessum réttindum vegna brota á 1. eða 2. sbr. 3. og 4. mgr. 25. greinar.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Frumvarp þetta er eingöngu um þá breytingu á umferðarlögunum, að í þau verði sett fyrirmæli um, að þeir menn, sem neyta áfengis við akstur vélknúns ökutækis, aka eða reyna að aka slíku tæki, þegar þeir eru undir áhrifum áfengis, skuli sviptir ökuleyfi að fullu eða rétti til að öðlast það.

Í gildandi lögum er bann við því að neyta áfengis við akstur, og þeim, sem eru undir áhrifum áfengis, er hannað að aka eða reyna að aka vélknúnu ökutæki. Auk annarra refsinga fyrir brot á þessu lagabanni, sem ákveðnar eru í lögum, eru þar fyrirmæli um ökuleyfissviptingu um skemmri eða lengri tíma. Þó er heimilt að sleppa sviptingu ökuréttinda, ef sérstakar málsbætur eru taldar vera, ef um fyrsta brot er að ræða og ef ölvun ökumannsins hefur ekki farið fram úr vissu marki.

Þessi undanþáguheimild frá ákvæðinu um sviptingu ökuréttinda er ákaflega varhugaverð, þar sem hún stuðlar að því að auka bifreiðaakstur drukkinna manna. Því er lagt til í þessu frumvarpi, að sú heimild verði numin úr lögum. Bezt mun gefast að hafa hér hreinar línur. Svipta þá menn ökuréttindum að fullu, sem fara með vélknúð ökutæki, þegar þeir eru undir áhrifum áfengis.

Það er því miður mjög algengt, að menn brjóti umferðarlögin með því að aka bifreiðum, þegar þeir eru undir áfengisáhrifum, og þeir valda mörgum slysum og miklu tjóni. Fullvist má telja, að verði í lög tekið, að þeir menn skuli án undantekninga sviptir ökuleyfi að fullu, sem gera sig seka um að aka bifreiðum, þegar þeir eru undir áhrifum áfengis, muni þeim mönnum fækka mjög, sem hreyfa bifreið, þegar þeir hafa bragðað áfengi. Fáir mundu vilja eiga það á hættu að missa ökuréttindi ævilangt, og þannig gæti samþykkt frumvarpsins orðið mörgum ölkærum mönnum til hamingju. Forðað þeim frá að aka ölvaðir, valda banaslysum eða meiðslum á sjálfum sér og öðrum vegfarendum, efnahagslegu tjóni og margvíslegum hörmungum. Það er þannig hagsmunamál áfengisneytenda eins og annarra manna, að þau fyrirmæli, sem tillögur eru um í frv., verði í lög tekin.